

Nd.

189. Frumvarp til laga

[130. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1967, um skólakostnað.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Upphaf 14. greinar laga nr. 49/1967, um skólakostnað, orðist þannig:

Fjárveitingar ríkisins til skólamannvirkja, aðrar en til undirbúnings framkvæmdum, skiptast á tvö til fjögur ár vegna hvernar framkvæmdar. Heildarframlög ríkissjóðs til hvernar framkvæmdar skal vera til reiðu innan fjögurra ára frá því að fyrsta fjárveiting er veitt, önnur en fjárveiting til undirbúnings, sbr. þó 8. gr., og greiðist með sex greiðslum, eftir því sem verkinu þokar áfram, þannig:

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fjárveitingum til þeirra skólamannvirkja, sem samkvæmt gildandi lögum áttu að fá lokaframlag í fjárlögum 1973, má skipta á árin 1973 og 1974.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Efni frumvarps þessa er að lengja það árábil, sem fjárveitingar til stofnkostnaðar skólamannvirkja miðast við. Í skólakostnaðarlögum nr. 49/1967 er tímabil þetta ákveðið að hámarki þrjú ár, en strax árið 1968 voru gefin út bráðabirgðalög (nr. 90/1968), sem ákváðu fjögurra ára greiðslutímabil að því er varðaði árið 1969. Síðan hefur þessari fjögurra ára reglu verið fylgt við fjárveitingar. Þykir sýnt, að hvorki ríkissjóður né sveitarfélög muni með góðu móti fá risið undir örari framkvæmdum en hér er gert ráð fyrir, og er því rétt að breyta lagaákvæðinu til samræmis við reynsluna. Ekkert er þó því til hindrunar, að örar sé greitt í einstökum tilfellum, ef aðstæður leyfa, sbr. ákvæði 13. gr. skólakostnaðarlaga nr. 49/1967.

Ákvæðinu til bráðabirgða í 2. gr. frumvarpsins er einungis ætlað að gilda við afgreiðslu fjárlaga fyrir árin 1973 og 1974 og stafar breytingin af því, að óvenju margar, stórar og fjárfrekar skólabyggingar eiga að fá lokafjárveitingu á árinu 1973 að óbreyttum lögum.